

**36. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
15. apríl 2016 og hófst hann kl. 08:00**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Hrönn Ríkharðsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Elís Þór Sigurðsson áheyrnarfulltrúi starfsfólks grunnskóla, Lárus Sighvatsson áheyrnarfulltrúi tónlistarskóla, Ingibjörg Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks grunnskóla, Magnús Vagn Benediktsson varaáheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla og Gunnar Gíslason.

**Fundargerð ritaði:** Gunnar Gíslason, ráðgjafi.

**Fyrir tekið:**

Í upphafi fundar var Nadezcu Eddu Tarasovu minnst.

**1. 1512130 - Skóladagatal 2016-2017**

Drög að skóladagatali fyrir skólaárið 2016-2017 liggja nú fyrir.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir fyrirliggjandi drög skólastjóra Brekkubæjarskóla og Grundaskóla að skóladagatali fyrir skólaárið 2016-2017.*

**2. 1604109 - Stjórnskipulag Grundaskóla**

Skólastjórnendur Grundaskóla hafa ákveðið að breyta stjórnskipuriti skólans á næsta skólaári. Auglýst hefur verið eftir tveimur 50% stöðum deildarstjóra verkefna við skólann frá og með næsta skólaári.

*Hrönn Ríkharðsdóttir skólastjóri Grundaskóla fór yfir fyrirhugaðar breytingar á skipuriti skólans. Undanfarin ár hafa verið starfandi við skólann verkefnisstjórar sem hafa einnig gengt stöðum umsjónarkennara. Stjórnendaheimild skólans er 3.1 stöðugildi og því fellur þessi breyting innan þeirra heimilda sem skólinn hefur til umráða.*

**3. 1604104 - Uppsögn á starfi**

Lárus Sighvatsson skólastjóri Tónlistarskólans á Akranesi hefur sagt starfi sínu lausu frá og með 1. ágúst 2016. Lárus hefur stýrt öflugu tónlistarstarfi í skólanum í um 30 ár.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Lárusi fyrir vel unnin störf og óskar honum velfarnaðar í þeim verkefnum sem hann mun taka sér fyrir hendur. Skóla- og frístundaráð felur starfandi sviðstjóra skóla- og frístundasviðs að hafa yfirumsjón með ráðningaferli á nýjum skólastjóra og ganga frá auglýsingu í samræmi við umræður á fundinum.*

**4. 1602089 - Námsvist utan lögheimilissveitarfélags**

Skóla- og frístundaráð samþykkir erindið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 8:50.

Sigríður Indriðadóttir  
Sigrún Inga Guðnadóttir  
Hátrúður Óst Ragnarsæl.  
Kjartanur Hallur Sveinsson  
Rannsóknarslöðvi  
Gunnur Grönsa.